

Sent landbúnaðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 16. mars 2004  
2004030018/42-1  
SB/hj

## Umsögn um þingsályktunartillögu um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó, 284. mál

Vísað er til bréfs landbúnaðarnefndar Alþingis, dagsett 11. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þingsályktunartillögu um rannsóknir á afdrifum laxa í sjó.

Náttúrufræðistofnun styður heils hugar þessa þingsályktunartillögu og fellst á flestar forsendur sem gefnar eru í greinargerð með þingsályktunartillögunni. Stofnunin vill þó vinsamlega benda á tvö atriði sem orka tvímælis.

Í fyrsta lagi telur stofnunin að rannsóknir á beitarsvæðum laxa í sjó (liður nr. 2, bls. 3 í greinargerð) þurfi að koma á undan fjölstofnarannsóknum. Þ.e. að vitneskja um það hvar laxinn heldur sig, á hverju hann nærast o.s.frv. sé forsenda skynsamlegs fjölstofnalíkans.

Í öðru lagi dregur stofnunin mjög í efa skoðun sem höfð er eftir Vigfúsi Jóhannssyni (bls. 3 í greinargerð) að „stóraukin selagengd með minnkandi veiðum hefði leitt til stóraukins afráns á laxi“. Þessi skoðun er algerlega órökstudd og á skjön við þekkt ástand og stofnbreytingar íslenskra selastofna hér við land undanfarna áratugi. Samkvæmt skýrslu Hafrannsóknastofnunar, *Ástand nytjastofna 2003*, taldi útselsstofninn við Ísland árið 2002 um 5.500 dýr eða helmingi færri dýr en talin voru á níunda áratugnum og fyrri hluta tíunda áratugarins þegar stofninn var metinn vera um 10.000 – 12.000 dýr. Samkvæmt sömu skýrslu hefur landselsstofninn við Ísland verið nokkuð stöðugur undanfarinn áratug, um 15.000 dýr. Landsel fækkaði hins vegar hratt á árunum 1980 til um 1989. Einnig má í þessu sambandi vísa til nýlegrar

fyrirspurnar Össurar Skarphéðinssonar alþingismanns til sjávarútvegs- og umhverfisstofna um selastofna hér við land (Þskj. 650 — 455. mál; Þskj. 677 — 469. mál) og nýlegrar áskorunar Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðsins (NAMMCO) varðandi útsel og fyrirspurn á Alþingi í framhaldi af því (Þskj. 1078 — 725. mál).

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson,  
forstjóri



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS